

Fundarstjóri: Eysteinn Jónsson

Fundarritari: Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir

Birgitta Jónsdóttir fer yfir störf þinghópsins, hvað er framundan á komandi sumarþingi. Það er erfitt að vinna og vita ekki hvenær kosningar verða haldnar. Spurt er um hvernig sé hægt að styrkja þingmenn í því að leggja fram frumvörp og hvernig hægt sé að tengja betur saman grasrótina og þingið. Þetta er hluti af ástæðunni fyrir því að Helgi Hrafn vill koma aftur í grasrótina til að byggja brú á milli þings og grasrótar. Erum einnig með málfundafélag sem gæti aðstoðað. Umræða um sjálfbodaliða og ábyrgðir. Mikill vilji og við erum að styrkja okkur innanfrá til að geta tekist betur á við þetta.

Eysteinn Jónsson fer yfir störf framkvæmdaráðs. Nýtt framkvæmdaráð tók við á síðasta aðalfundi og fundaði tvisvar í viku til að byrja með. Fundum hefur verið fækkað í einn á viku og verður haldið þannig fram að kosningum. Halldóra Sigrún Ásgeirsdóttir sagði sig úr framkvæmdaráði sem aðalmaður og í stað hennar kom inn Jónas Lövdal sem áður var varamaður í framkvæmdaráði.

Spurt er um styrki til aðildarfélaga sem koma inn í gegnum heimasíðu Pírata. Hvers vegna eru þeir ekki að skila sér til aðildarfélaganna? Eysteinn fer yfir tekjuliði félagsins, stærsti hluti þeirra kemur frá ríkinu og er greiddur út einu sinni á ári. Félagsgjöld eru valkvæð og þar koma einhverjar tekjur inn. Allir styrkir sem koma inn fara til landsfélagsins og þeir fara í gegnum sömu greiðslugátt og þessvegna þurfa gjaldkerar í framkvæmdaráði að millifæra handvirkt á aðildarfélögin sem fá styrk.

Umræður um styrki til Pírata. Hverja á að þiggja og hverju á að hafna? Ákveðið að umræða þurfi að fara fram í grasrótinni um það hvaða gildi við viljum styðjast við þegar við þiggjum eða höfnum styrkjum.

Erindi frá Pírötum í Reykjavík. Katla Hólm leysti Arnald af sem áheyrnarafulltrúi í Skóla og frístundaráði. Kjörnir fulltrúar og fulltrúar í ráðum og nefndum hafa hist einu sinni í viku með Pír til að fara yfir málin. Aðalfundur Pírata í Reykjavík verður haldinn 14.ágúst. Óskað eftir framboðum í stjórn.

Spurt um kynningar á frambjóðendum í höfuðborgarkjördæmunum. Hver er ábyrgur fyrir þeim? Kjördæmaráð þar sem sitja: Þórgnýr Thoroddsen, Lukka Björg Þorgrímsdóttir, Hildur Björg Vilhjálmsdóttir og Sigurður Pálsson. Verið er að skipulegga formlegan kynningarfund með öllum frambjóðendum í höfuðborgarkjördæmunum.

Eysteinn Jónsson formaður Pírata í Suðvestur kynnir samstarf síns félags og Pírata í Reykjavík, en kosið var um að þessi félög skyldu hafa sameiginlegt prófkjör og frambjóðendum yrði raðað niður á dreifilista.

Bent var á að nauðsynlegt væri að finna leiðir til að öruggt væri að allir viti hvenær fundir Pírata séu haldnir og hvetja fólk til að mæta. Auglýsa í fjölmiðlum. Minnt er á nýja heimasíðu og að alla viðburði sé hægt að nálgast á dagatalinu sem er nú mjög sýnilegt á heimasíðunni.

Þórólfur Sigurðsson, kapteinn Pírata á Suðurnesjum, fór yfir málin í Suðurkjördæmi. Búið er að stofna aðildarfélag á Suðurlandi og reynt var að stofna fleiri en það tókst ekki vegna manneklu. Prófkjör eru í gangi í Suðurkjördæmi og þar eru nú tvö aðildarfélög, Píratar á Suðurnesjum og Píratar á Suðurlandi.

Hákon Már Oddsson var með erindi frá málfundafélaginu. Sameiginleg ákvörðun var tekin um að allir sem vilji sækja fundi málfundafélagsins sé það velkomið, óháð félagsaðild að Pírötum. Þannig getur félagið virkað sem opnun inn í Pírata.

Sindri Viborg, admin á Pírataspjallinu, fjallaði um Pírataspjallið og hvernig hefur verið tekið á því að bæta umræðu þar með setningu siðareglna. Upplýsingum

sem safnað er inni á Pírataþjallinu er haldið til haga til að vinna með áfram innan félagsins.

Sindri fjallar um önnur mál og talar um tengiliðavinnu. Þurfum að koma á kerfi til að vera með sterkar boðleiðir og að framkvæmdaráð haldi utan um það. Fara á í þessa vinnu. Kynning, birting og ásýnd Pírata út á við rædd. Endurskipulagning á innra skipulagi flokksins er í gangi í rýnihópum, málfundafélagi ofl.

Betra Ísland- vettvangur sem Píratar bjuggu til. Þarna gefst almenningi kostur á að setja inn mál og ef 2% þjóðarinnar styðja málið, taka þingmenn Pírata þetta mál upp á Alþingi. Frábær leið til að valdefla þjóðina og koma fólki í skilning um að við viljum hlusta og þau geta komið því á framfæri hvað þau vilja sjá á Íslandi. Það þarf að auglýsa þetta betur.

Fundi slitið kl 13:45